

## Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefnan nær til alls starfsfólks Haustaks hf. Og er markmið hennar að tryggja að allt starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Einnig að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kyns.

Haustak hf. Greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa sem taka mið af þeim kröfum sem störf gera. Forsendur launaákvæðana eru að þær eru í samræmi við gildandi kjarasamninga og flokkun starfa. Þær eru studdar rökum og tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Einstaklingar skulu fá greitt fyrir störf sín út frá verðmætum starfa óháð kyni. Komi í ljós óútskýrður kynbundinn launamunur skal hann leiðréttur. Nýta ber til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum allra kynja.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnunni skuldbindur Haustak hf. Sig til að:

- Skjal festa og innleiða vottað jafnlaunastjórnunarkerfi sem byggist á staðlinum ÍST 85.
- Viðhalda jafnlaunastjórnunarkerfi með eftirliti, viðbrögðum og stöðugum umbótum.
- Flokka störf út frá þeim kröfum sem þau gera og framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að athuga hvort óútskýrður kynbundinn launamunur sé til staðar innan fyrirtækisins.
- Kynna starfsfólki niðurstöður launagreiningar sem er til úttekta nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega hlítni við lög.
- Framkvæma innri úttekt á öllum útgefnum skjölum sem tilheyra jafnlaunastjórnunarkerfi eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- Setja fram og rýna jafnlaunamarkmið árlega með rýni stjórnenda.
- Kynna jafnlaunastefnu árlega fyrir starfsfólki og skal hún vera aðgengileg á ytri vef Haustaks hf..

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna. Framleiðslustjóri er fulltrúi jafnlaunastjórnunarkerfis og skal starfsfólk leita til hans með athugasemdir eða fyrirspurnir.

Fyrsta útgáfa (1.0) gefin út 12.01.2023